

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 545/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju
Einars Sigurðssonar (FES), Vestmannaeyjum og breyting
á því starfsleyfi nr. 151/1991.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

- 4.2. Frágangi lyktheyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal lokið fyrir 1. september 1992. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1992 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lyktheyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 12. febrúar 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurborg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1992.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem virtar eru fasteignamati, skal greiða sorphirðugjald árið 1992.

2. gr.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald á fasteign, þar sem eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 5 000 árið 1992.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfissráðuneytið, 13. febrúar 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.